

Þar sem dómariinn hefur afhent stefnda þrjár útskriftir úr landamerkjabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, er hann lagði fyrir fógætaréttinn, hefur hann átt þess kost að leggja þær fyrir réttinn nú. Auk þess gat hann að sjálfsgöðu lagt fram afrit af greinargerð þeirri, er hann lagði fram í fógætaréttinum, og væru þá komin fram í staðfestingarmálinu öll þau skjöl, er lögð voru fram af hans hálfu í fógætaréttinum.

Samkvæmt framansögðu lítur dómurinn svo á, að vísa beri á bug frávísunarkröfu stefnda í málinu.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa umboðsmanns stefnda, Jóns Gíslasonar, bónda á Innri-Skeljabrekku, verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 3. nóvember 1958.

Nr. 168/1957. Jón E. Waage og Þórunn Waage

(Páll S. Pálsson hrl.).

gegn

Jóni Benediktssyni,

Sveini Pálssyni,

Guðlaugi Aðalsteinssyni og

Óskari Eyjólfssyni.

(Gunnar A. Pálsson hrl.).

Dómeður:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór B. Línal.

Krafa um brottnám girðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristinn Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið, máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1957 og krefjast þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og þeim dæmdur málskostn-

aður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda eftir mati dómsins.

Land það, sem Stóru-Vogum var með landskiptagerð 5. júní 1940 úthlutað norðan í og norðan við Vogastapa, var takmarkað „af flóðmálslínu sjávarins“. Í vottorði 12. júní 1958 hefur Pálmi Einarsson landnámsstjóri, formaður landskiptanefndar, lýst því, að skiptin hafi eigi tekið til fjörugagna fyrir neðan stórstraumsflóðmálslínu, þ. e. línu, þar sem séð varð, að sjór hafði gengið hæst á land við stórstraum, og sé því sandtekja neðan stórstraumsflóðmálslínu samkvæmt skiptagerðinni sameign aðilja í hlutfalli við landstærðir. Að svo vöxnu máli mega áfrýjendur eigi með sjálftekt tálma frjálsa för stefndu um nefnda fjöru. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta ákvörðun fógeta um brotnám girðingar þeirrar, sem í málinu greinir, og svo málskostnaðarákvæði fógetaúrskurðarins.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Jón Waage og Þórunn Waage, greiði stefndu, Jóni Benediktssyni, Sveini Pálssyni, Guðlaugi Aðalsteinssyni og Óskari Eyjólfsyni, málskostnað í Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 20. júlí 1957.

Með bréfi, dagsettu 3. júlí 1957, sneri sér til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu Gunnar A. Pálsson hrl., f. h. bændanna Jóns Benediktssonar, Suðurkoti, Sveins Pálssonar, Háabæ, Guðlaugs Aðalsteinssonar, Nýjabæ, og Óskars Eyjólfsssonar, Tuma-koti, allra í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi, og fór þess á leit, að numinn yrði brott með beinni fógetaagerð hluti af nánar

tilgreindri girðingu, sem Jón E. Waage, Stóru-Vogum, hefði sett upp ólöglega til stórkostlegs óhagræðis og fjárhagstjóns fyrir framangreinda bændur.

Af hálfu gerðarþola, Jóns E. Waage, hefur verið mótmælt framgangi gerðarinnar, en báðir aðiljar hafa lagt ágreining þennan undir úrskurð fúðgetaréttarins, að lokinni gagnasöfnun og munnlegum málflutningi, og var málið tekið til úrskurðar 18. þ. m. Hvor aðilja um sig krafðist málskostnaðar úr hendi gagnaðilja.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að 27. maí 1957 hafi verið gert bráðabirgðasamkomulag um, að Jón E. Waage, Stóru-Vogum, setti upp girðingu á tiltekin landamerki milli lands síns og framangreindra bænda og jafnframt verið ákveðið, hvar endastólpi þeirrar girðingar skyldi vera, þ. e. hve langt í áttina til sjávar girðingin skyldi ná. Síðan hafi gerðarþoli sett upp fyrirhugaða girðingu, en þó þannig, að hún hafi verið látin ná miklu lengra en ákveðið var og nokkur heimild var til eða allt út í merkja-skerið fyrir sunnan Brimarhólma, sem er örnefni á þessum slóðum.

Til stuðnings kröfu sinni bendir gerðarbeiðandi sérstaklega á landskiptagerð, er fram fór 5. júní 1940, en þar segir svo um þetta atriði:

„Þá er Stóru-Vogum afhent 33.40 ha. af landi innan girðingar norðan í og norðan við Vogastapa.

Að norðan takmarkast land þetta af hornlínu (90°) frá girðingunni frá merkjavörðu við girðinguna bein sjónhending í nyrzta skerið suður af Brimarhólma, þar sem hæst ber skerið, er það kemur úr hálf-föllnum sjó. Að austan og sunnan ræður girðingin mörkum, þar til hún kemur í sjó á Skollanefi. Að öðru takmarkast landið af flóðmálslínu sjávarins.“

Samkvæmt þessu segir gerðarbeiðandi, að öll fjaran frá flóðmáli til fjörumáls og svo langt í sjó út, sem eignarréttur nær til, sé óskipt sameign gerðarbeiðanda og gerðarþola. En flóðmálslína sé þar, sem land og sjór mætast við flóð.

Af hálfu gerðarþola er mótmælt framgangi gerðarinnar og til stuðnings því færð fram eftirfarandi rök:

Gerðarþoli, eigandi Stóru-Voga, hefði orðið fyrir svo stórfelldum ágangi og tjóni undanfarin ár vegna heimildarlausrar sandtöku í landi jarðarinnar, að honum sé meiri þörf á því en jafnvel nokkrum öðrum landeigendum, er lögfræðingur gerðarþola þekkir, að hafa landsvæði sitt vel varið og girt. Gerðarþoli hafi því ekki séð sér annað fært en fara í lögbanismál við gerðarbeiðendur og fór lögbanngerð sú fram 27. maí s.l. Krafan hafi

verið, að fyrrgreindir landeigendur láti ekki bifreiðar eða önnur tæki fara yfir land jarðarinnar Stóru-Voga til sandnáms og sandflutnings án leyfis landeiganda og landamerkin í þessu tilliti miðuð við niðurstöður dómkvaddra mælingamanna frá 1954.

Landamerkin að norðan, sem hér koma til greina, séu samþykkt af öllum aðiljum og dregin á kort, sem lagt var fram í fyrrgreindu lögbannsmáli. Að vísu hefðu gerðarpolar í því máli óskað bókað í fógetaréttinum 27. maí s.l., að þeir mótmæltu, að girðing, sem Jón E. Waage ætlaði að setja upp til tryggingar lögbanninu, yrði látin ná lengra fram í fjöru en á grasbakkann. Gegn þessu hefði Jón E. Waage ekki látið bóka mótmæli, þar eð „gerðarpolar hefðu ekki farið fram á neina tilslökun á sjálfu lögbanninu, þ. e. banni við umferð tækja til sandnáms og sandflutninga“. Við munnlegan flutning málsins upplýsti lögmaður Jóns E. Waage ennfremur, að hann hefði borið sig saman við Jón um þetta í réttinum, meðan lögbannsgerðin fór fram og hann hefði talið, að flutningabílar gætu ekki ekið fjöruna fyrir neðan bakkann og þá ekki ástæða fyrir hendi til bókunar mótmæla.

Það sé gersamlega andstætt almennri reglu og heilbrigðri skynsemi, að landeiganda sé óheimilt að setja upp girðingu á landamerkjum sínum og gerðarpoli hafi því rétt til að girða út í nyrzta skerið sunnan Brimarhólma, enda sýni reynslan, að lögbanninu frá 27. maí s.l. verði ekki haldið uppi, nema það sé gert.

Þá er því sérstaklega mótmælt af hálfu gerðarpola, að fjaran frá flóðmáli til fjörumáls sé óskipt sameign gerðarbeiðenda og gerðarpola og skorar á gerðarbeiðendur að leggja fram óyggjandi gögn fyrir því.

Að lokum fullyrðir gerðarpoli, að enginn löglegur grundvöllur sé fyrir því, að gerðarbeiðendur geti varnað eigendum Stóru-Voga að afgirða land jarðarinnar á viðurkenndum landamerkjum jarðarinnar og þegar af þeim ástæðum sé ekki hægt að leyfa framgang gerðarinnar.

Með landskiptagerð þeirri, sem fram fór 5. júní 1940, eignuðust Stóru-Vogar land það, sem er innan girðingar, sem deilt er um í máli þessu. Af landskiptagerðinni er augljóst, að skipting á fjöru neðan flóðsmálslínu fer þar ekki fram. Rétturinn fellst á skýringu gerðarbeiðanda, að flóðmálslína sé, þar sem sjór og land mætast við flóð. Að öðru leyti er ekki þörf að fara nánar út í skýrgreiningu á því hér. Rétturinn vill benda á, að girðing mun aldrei, svo vitað sé, hafa náð niður í fjöru á þess-

um stað, og fjaran þarna því ekki girt, fyrr en gerðarþoli gerði það nú.

Rétturinn getur ekki fallizt á, að gerðarþoli hafi haft heimild til að girða fjöruna nema niður að flóðmálslínu, enda virðist hafa verið litið þannig á, er girðing var sett niður á bakkanum.

Með vísun til landskiptagerðarinnar frá 5. júní 1940 og þess, sem hér hefur verið rakið, telur rétturinn gerðarþola, Jón E. Waage, hafa brostið heimild til að girða fjöruna, eins og hann hefur gert, og beri því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að gera gerðarþola að greiða gerðarbeiðanda málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 2000.00.

Því úrskurðast:

Umbeðin fógétagerð skal ná fram að ganga.

Gerðarþoli, Jón E. Waage vegna eigenda Stóru-Voga, greiði Gunnari A. Pálssyni f. h. eigenda jarðanna Suðurkots, Nýjabæjar, Hábæjar og Tumakots kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. nóvember 1958.

Nr. 91/1957. **Jón Rögnvaldsson**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Shell á Íslandi h.f.

(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Jón Ásbjörnsson og prófessorarnir Ólafur Jóhannesson og
Theódór B. Línđal.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1957, krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 43.055.55 með 6% ársvöxtum frá 1.